

Ed.

633. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 54 15. júní 1926, um vörutoll.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

2. töluliður 1. gr. laga nr. 54 15. júní 1926 hljóði svo:

Af akkerisfestum (hlekkjafestum), akkerisvindum, akkerum, baðlyfum, baðmullarfræsoliu (cottonseedoil), barkarlit, bátsuglun (Davider), bifvélum (motorum) heilum og í hlutum, bjarghringum, björgunarbeltum, blásteini, blikki, blýi, blýlóðum, botnrúllum, botnrúllukeðjum, botnvörpuhlerum og efni í þá, brýnum, bókum prentuðum og ljósprentuðum erlendis fyrir íslenska útgefendur, bandi af íslenskum bókum, sem eru innbundnar erlendis, eldavélum, feitissýrum (fatty acids) til sápugetdar, fiskifóðurmjöli, færum, garni til fiskumbúða, gipsi, girðingarnetum, girðingarstólpum úr járni, girðingarvír, glaubersalti, gluggagleri, gólfbræðingi (linotol) og gólfdukkum (linoleum), herfum, hitunartækjum, hjólásam, hjólkjöfum (blökkum), hjólum, húsapappa allskonar, jarðhnetuoliu (groundnutoil), jarnbitum og jarnbrautarteinum, jarngirði, jarnpípum, kerrum, kjötfóðurmjöli, kokolit, kokosfeiti (kokosnutoil), korki, kvislum, köðlum allskonar, körfum til uppskipunar, lausum umbúðum, lóðabelgjum, lóðavindum,

litum til málningar (þurrum litum) nema menju, jarðlitum, þurrum, til málningar, melasse, melassemjöli, merkisþjöldum, mómyslnu, netagarni nema hampgarni, netum, oliufatnaði, olium i tunnum eða dunkum öðrum en steinolíu eða benzini, pappír og pappa til bókbands, pappír innbundnum og heftum, áprentuðum eyðublöðum, hverskonar sem er, áprentuðum bréfsefnum og umslögum, bréfsefnum og umslögum í öskjum, plögum, rafmagnsvökum, saum, segldúk, skilvindum og öðrum smjörgerðartækjum og ostagerðar, skipaskrúfum (úr járn), skóflum, sláttuvélum og öðrum hevvinnslutækjum, smíðajárni, spöðum og öðrum jarðyrkjuáhöldum, stáli, steinmulningi (terrazzo), striga, strigaábreiðum (Presenninger), stýriskeðjum, söltuðum húðum, tilbúnum seglum, tini, togvindum (trawlwinch), tómum pokum, tómum tunnum, tréolíu (woodoil), þykkri tréolíu (prepared woodoil), tvistúrgangi, vatnhreyfivélum, veiðarfæralásum allskonar, virkøðlum, virtrossum, vélaáburði, vögnum, þakjárn, önglum, öngul-taumum, 1 króna af hverjum 50 kg.

2. gr.

Á undan næstsiðasta málslið 1. gr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Ef vélar, sem eingöngu eru notaðar til innlendar framleiðslu, eru yfir 1000 kg. að þyngd hver vél, greiðist vörutollur af því, sem er yfir 1000 kg., aðeins með kr. 1.00 af hverjum 50 kg.

3. gr.

Næstsiðasti málsliður 1. gr. sömu laga hljóði svo:

Undanþegnar gjaldi þessu eru vörur, sem sérstaklega er lagður tollur á, prentaðar bækur og blöð, með þeim undantekningum, sem getur í 2. tölulið 1. gr., ósmíðað gull og silfur, skip, bátar, tígulsteinar, eldfastir steinar, óhreinsað járn í klumpum, notaðir heimilismunir manna, er flytja vistferlum til landsins og hafa verið minnst eitt ár búsettir erlendis, vanalegur farangur ferðamanna, pappír, sem ekki fellur undir 2. tölulið 1. gr., tilbúin áburðar-efni, oliukökur, hey, beitusild, steinlimspípur, leirpípur, sandur og endursendar fiskumbúðir, ennfremur kornvörur. Auk þess eru undanþegnar allar íslenskar vörur, sem endursendar eru til landsins frá útlöndum, ef þær eru endursendar í sömu umbúðum, sem þær voru sendar í burtu, enda sé gjaldheimtumannni ríkissjóðs, þar sem heimsend vara er sett á land, afhent vottorð frá tollgæzlustöð, þar sem varan er flutt á skip til heimsendingar, um að hún sé íslensk vara. Notaðir munir, er sendir hafa verið til aðgerðar, endursendar umbúðir um útfluttar iðnaðarvörur eru og undanskildar vörutolli.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.